

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveita Akureyrar takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða: Kr.

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns 108

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð. Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	Kr.
a. fyrir mæla 15 mm	705
b. fyrir mæla 20 mm	1.716
c. fyrir mæla 25 mm	3.433
d. fyrir mæla 32 mm	6.866
e. fyrir mæla 40 mm	13.731
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	27.462

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofni samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en sem svarar til heimæðargjalds af 400 m³ íbúðarhúsi (þetta gildir t.d. um hús með bráðabirgðaleyfi, hesthús og önnur „smáhýsi“). Ekki skal reikna heimæðargjald af húsum er liggja utan svæða þar sem gert er ráð fyrir tengingu við hitaveitu. Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar er ekki innifalinn í heimæðargjaldi. Kr.
Tengigrind 21.191

5. gr.

Önnur gjöld: Kr.

D. 1. Lokunargjald 1.339

D. 2. Mælaálestrargjald (aukaálestur) 780

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orku- lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 1997, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 107, 15. febrúar 1995 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. janúar 1997.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna og skipasölu, nr. 519 24. nóvember 1987.

1. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 15. gr., sem orðist svo:

Prófnefnd skal standa fyrir prófum fyrir þá, sem fengið hafa leyfi eða heimild til að starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málf lutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, og óska löggildingar dómsmálaráðuneytisins skv. 1. gr. laga nr. 34 5. maí 1986, til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra.

Skal prófnefnd meta þá menntun sem liggur að baki hinu erlenda leyfi og á grundvelli þess ákveða hvernig próf viðkomandi skuli þreyta.

2. gr.

15. gr. verði 16. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 2. gr. laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, sbr. l. nr. 10 26. febrúar 1987 og l. nr. 133 31. desember 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.